

**Umsögn dómnefndar
skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um tvö embætti héraðsdómara við
Héraðsdóm Reykjavíkur
sem auglýst voru laus til umsóknar 16. desember 2011**

Reykjavík 20. febrúar 2012

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi dags. 8. janúar 2012 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar 16. desember 2011 í Lögbirtingablaði. Um embættin sóttu Barbara Björnsdóttir, settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Bogi Hjálmtýsson, fulltrúi og staðgengill sýslumannsins í Hafnarfirði, Hrannar Már S. Hafberg, settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst, Kolbrún Sævarsdóttir, settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Krístrún Kristinsdóttir, lögfræðingur við embætti landlæknis, Sigríður Elsa Kjartansdóttir, settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Sigríður J. Hjaltsted, aðstoðarsaksóknari við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, og Þórður S. Gunnarsson, settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt

verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnvinnunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerfi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“] Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði

þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnámálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um skipan og málsmeðferð dómnefndar

Einn af þeim, sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Stefán Már Stefánsson, hefur lýst sig vanhæfan á grundvelli 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreind dómaraembætti. Sama hefur gert varamaður hans, Sigríður Friðjónsdóttir. Af þeim sökum hefur ráðherra, eftir tilnefningu Hæstaréttar, sett Ásu Ólafsdóttur, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, með bréfi dags. 23. janúar 2012 til að taka sæti í nefndinni í stað Stefáns Mús við meðferð þessa máls.

Hinn 9. janúar 2012 og síðar 23. sama mánaðar ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna, sem fara með mál þetta, og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 31. janúar 2012.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega.

Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 8. janúar 2012 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar 16. desember 2011 í Lögbirtingablaði. Barst nefndinni bréfið tveimur dögum síðar eða 10. janúar 2012. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnslulaga, reiknast því frá síðarnefndum degi til 21. febrúar 2012.

Þess skal getið að fjórir umsækjenda, Barbara Björnsdóttir, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kolbrún Sævarsdóttir og Sigríður J. Hjaltested, hafa áður verið metnir af dómnefnd skv. 12. gr. laga nr. 15/1998, sbr. álit 14. mars 2007, 2. júlí 2008 og 7. apríl 2010. Síðan hefur ákvæðum laga um störf dómnefndar og þeim reglum, sem nefndin starfar eftir, verið breytt. Jafnframt hefur fimmti umsækjandinn, Hrannar Már S. Hafberg, verið metinn af þeirri dómnefnd, sem nú starfar, sbr. álit 3. október 2011.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2.

Barbara Björnsdóttir er fædd 7. maí 1973 og er því 38 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1999 og meistaraprófi með áherslu á þjóðarrétt og alþjóðlegan refsirétt frá Háskólanum í Leiden í Hollandi 2006. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2000. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið, svo sem um Schengen á vegum Lögregluskóla ríkisins og um réttargæslustörf lögmanna á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Að loknu námi hóf umsækjandinn störf hjá ríkislögreglustjóra 1999, þar sem hún starfaði u.þ.b. eitt og hálf ár sem fulltrúi saksóknara í efnahagsbrotadeild. Árin 2000 - 2001

starfaði hún við almenn lögmannstörf hjá Lögmonnum Hafnarfirði ehf. Mestan hluta starfsferils síns hefur umsækjandinn hins vegar verið aðstoðarmaður dómara, fyrst hjá Héraðsdómi Reykjavíkur 2001 - 2007, þá í hlutastarfi hjá Héraðsdómi Vesturlands og að lokum um tveggja ára skeið, 2008 - 2010, verið aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt. Frá 2003 til 2005 var hún einnig settur skrifstofustjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í tæplega 22 mánuði og 2007 - 2008 starfaði hún jafnframt sem sérfræðingur hjá Lagastofnun Háskóla Íslands sem aðstoðarmaður og aðstoðarritstjóri við gerð *Lögfræðiorðabókar með skýringum* sem kom út árið 2008. Hinn 1. september 2010 var hún sett dómari við Héraðsdóm Reykjaness til 31. ágúst 2011 og síðan við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. september 2011. Árin 2008 og 2010 sinnti umsækjandinn einnig kennslu á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands á námskeiðunum *Law of Armed Conflicts* og *Vedrættur og ábyrgðir*. Að auki hefur hún haft umsjón með BA ritgerð við Háskóla Íslands, verið skipuð prófdómari við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri vegna ritgerðar til BA prófs og við lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hún hefur metið prófúrlausnir og meistara-ritgerðir á sviði þjóðarréttar og mannréttinda. Umsækjandinn annaðist um tíma yfirlestur lögfræðilegra greina fyrir Tímarit lögfræðinga og átti þátt í samningu námsefnis um auðgunarbrot fyrir nemendur Lögregluskóla ríkisins. Þá hefur hún verið starfsmaður nefndar til að annast rannsóknir á refsingum við afbrotum 1999 - 2000 og átt sæti í nefnd um heimasíðu héraðsdómstóla 2002. Hún tók sæti sem varamaður í forföllum aðalmanns í nefnd um endurskoðun laga um leikskóla árið 2006. Árin 1999 - 2000 sat hún í úrskurðarnefnd um áfengismál. Umsækjandinn hefur jafnframt gegnt trúnaðarstörfum fyrir Heimili og skóla - landssamtök foreldra og starfað hjá Kvennaráðgjöfinni við lögfræðiráðgjöf.

Bogi Hjálmtýsson er fæddur 17. febrúar 1963 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1990 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1996. Hann lauk meistaranámi í opinberri stjórnsýslu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands 2010 og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við sama skóla 2008. Að loknu námi starfaði umsækjandinn 1990 - 1992 sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu. Frá 1992 hefur hann verið fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og sinnt þar öllum lögfræðilegum mála-

flokkum um lengri eða skemmri tíma, þ. á m. annast alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Frá 1992 hefur hann verið staðgengill sýslumanns. Hefur hann tvívegis verið settur sýslumaður í Keflavík og á Hvolsvelli í einstökum málum. Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestur um innheimtumál í tengslum við kennslu hjá Lögmannafélagi Íslands. Þá kom hann að samningu þess frumvarps er varð að lögum nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Einnig hefur hann starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneyta er fjölluðu um nauðungarsölu og afskriftir á gjöldum ríkissjóðs. Þá situr hann í áfrýjunarnefnd Körfuknattleikssambands Íslands og hefur sem slíkur kveðið upp dóma í málefnum þess.

Hrannar Már S. Hafberg er fæddur 15. desember 1974 og er því 37 ára. Að loknu stúdentsprófi hóf hann nám í heimspeki við Háskóla Íslands og lauk BA gráðu í þeirri grein 1998, eftir að hafa gert árshlé til stunda nám í hugfræðum í Svíþjóð, 1995 – 1996. Hann lauk BA prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 2006 og lauk meistaraprófi frá sömu deild 2008. Hann hefur jafnframt stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann í Genúa, með hléum, frá 1998. Að auki hefur hann lokið prófi í margmiðlun frá Margmiðlunarskóla Prenttæknistofnunar. Þá hefur hann sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið um lögfræðileg efni, innanlands sem erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til hausts 2008, einkum við rannsókn og saksókn í ofbeldismálum. Árin 2008 – 2009 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og síðan við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann hefur verið settur héraðsdómari við þann dómstól frá 5. september 2011. Frá 2009 hefur umsækjandinn verið aðjúnkt og stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri, þar sem hann hefur m.a. sinnt stundakennslu í inngangi að lögfræði, almennri lögfræði og réttarheimildafræði, lögskýringum og réttarheimspeki, svo og réttarfari og málflutningi. Þó hefur hann ekki sinnt því starfi að fullu síðustu misseri vegna anna, utan þess að leiðbeina nemendum með lokaritgerðir í BA námi og einum þeirra í meistaranámi. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands í réttarheimspeki frá 2009. Einnig hefur hann frá sama tíma kennt sakamálaréttarfar og

almenna lögfræði hjá Vísdómi, starfsmennt fyrir starfsmenn dómstóla. Að auki hefur hann flutt fyrirlestra, tengda ýmsum lögfræðilegum álitamálum. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara frá 2008, fyrst sem varaformaður, en frá því 2011 sem formaður félagsins. Ennfremur hefur hann setið í ritrýnnefnd Lögfræðings – tímarits laganema við Háskólann á Akureyri frá 2009. Þá átti hann sæti í stjórn Félags áhugamanna um heimspeki 2006 – 2009, í stjórn Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 1997 – 1999 og í samstarfsnefnd um mótun náms í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum 2000 – 2001. Umsækjandinn er höfundur nokkurra ritsmíða og hefur unnið að ýmsum þýðingum, án þess að séð verði af umsókn hans að þær varði lögfræðileg efni. Þar getur hann þess hins vegar að hann vinni nú að tveimur fræðigreinum á sviði lögfræði. Ber önnur þeirra vinnuheitið „Hvert verður hlutverk aðstoðarmanna dómara?“ og er að hans sögn fyrirhugað að birta hana í Úlfjótí, en hin heitið „Concepts of Law and Justice“ sem mun birtast í ritinu *Nordicum Mediterraneum* síðar á þessu ári.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir er fædd 29. apríl 1964 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992. Árið 1995 lauk hún diplómaprófi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og meistaraþrófi í starfsmannastjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow í Skotlandi 2001. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1995. Að loknu námi hóf umsækjandinn störf sem deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og starfaði þar til 1999, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra. Á árunum 1995 – 1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetri í Brussel. Árin 2000 – 2001 starfaði hún sem starfsmannastjóri hjá Frjálsa fjárfestingabankanum. Umsækjandinn var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001 – 2005 og svo aftur átta mánuði 2011. Sat hún samhliða í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans á þessum tíma og gæðaráði hans 2003 – 2005. Jafnframt hefur hún verið lektor við skólann frá 2002 og dósent þar frá 2008. Helstu kennslugreinar hennar hafa verið almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur og stjórnsýsla skattamála. Ennfremur hefur hún verið stundakennari við Háskólann á Akureyri. Umsækjandinn hefur sinnt fræðistörfum og liggur eftir hana töluvert af

birtum ritsmiðum um lögfræðileg efni, þar af tvær ritrýndar greinar, „Áhrif meginreglna EES-réttar um bann við mismunun og takmörkun á fjórfrelsinu á sviði skattaréttar“, birt í Tímariti um félagsvísindi 2010, og „Evrópskur skattaréttur; átök og árangur á sviði skattaréttar Evrópusambandsins“ sem birtist í Grábrók, riti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2009. Þá hefur hún samið kennslubók, *Lögfræði, réttarheimildir og aðferðir lögfræðinnar*, sem út kom 2010. Hún hefur ennfremur ritað eftirtaldar fræðigreinar, „Skattaréttur og EES-samningurinn; eru reglur um skattlagningu arðgreiðslna milli félaga og reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga andstæðar reglum EES-samningsins?“, birt í Tímariti um félagsvísindi 2007, „Laganám á Íslandi; Háskólinn á Bifröst“, birt í riti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2006, „Um tvísköttunarsamninga“ (ásamt Indriða H. Þorlákssyni), birt í Tíund 2000 og „Upprunareglur og fríðindameðferð“ (ásamt Huldu Kristinsdóttur), birt í leiðbeiningarriti fyrir útflytjendur 1999, og „Skilnaður; nokkrar hagnýtar upplýsingar um skilnað“, birt í riti gefnu út af Kvennaráðgjöfinni 1994. Einnig hefur hún unnið að tveimur víðtækum rannsóknaverkefnum fyrir erlenda aðila og flutt fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni. Umsækjandinn hefur verið varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 2011 og nefndarmaður í prófnefnd verðbréfavíðskipta frá 2001. Hún hefur verið formaður kærunefndar greiðsluáðlögunarmála frá 2010 og setið í stjórn Stofnunar Sigurðar Líndal í réttarsögu frá 2011. Þá átti hún sæti í landskjörstjórn 2003 - 2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 1999 - 2003. Á árunum 1990 - 1994 var hún framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar í hlutastarfi. Hún sat í fjölmörgum nefndum, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997 - 1999, og kom að samningu fjölda lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún gegndi störfum í fjármálaráðuneytinu.

Kolbrún Sævarsdóttir er fædd 7. ágúst 1964 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Hún stundaði framhaldsnám við Kaupmannahafnarháskóla 1996 - 1997 og lauk þaðan prófum í fjórum námskeiðum á sviði lögfræði. Hún lauk meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindum frá lagadeild Háskólans í Lundi í Svíþjóð 2003. Árið 2009 lauk hún prófum í námskeiðum um skattarétt og endurskoðun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómsslögmaður 1993. Að loknu laganámi var umsækj-

andinn sem fulltrúi við embætti yfirborgarfélagans í Reykjavík 1990 - 1992 og fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur 1992 - 1993. Á árunum 1993 - 1995 rak hún eigin lögmannsstofu, ásamt öðrum lögmanni, og sinnti þar fjölbreyttum störfum, m.a. skiptastjórn og flutningi dómsmála. Hún var lögfræðingur Alþýðusambands Íslands í sex mánuði, 1995 - 1996, og fulltrúi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins í fjóra mánuði 1996. Hún var fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík 1997 - 1999 og í tíu mánuði 2000 settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara. Árin 2000 - 2005 var hún fulltrúi við sama embætti og var skipuð saksóknari við embættið 2005. Hefur hún flutt fjölda sakamála fyrir dómstólum, m.a. um 90 mál sem saksóknari fyrir Hæstarétti. Frá 1. september 2010 hefur hún verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Á árunum 2005 - 2010 var umsækjandinn stundakennari í sakamálaréttarfari við Háskólann á Bifröst. Þá hefur hún leiðbeint nemendum við ritun BA og meistararitgerða við Háskólann á Bifröst á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars og verið prófdómari við Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, í munnlegum prófum og ritgerðum. Umsækjandinn hefur flutt ýmsa fræðilega fyrirlestra, tengda störfum sínum, hérlendis og erlendis. Hefur hún skrifað eina ritrýnda fræðigreina á sviði sakamálaréttarfars, *Réttarstaða brotaþola*, sem birtist í ritinu Bifröst, riti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2006. Á árunum 2002 - 2009 var hún ritari áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Ennfremur átti hún sæti í starfshópi um heildarendurskoðun umferðarlaga sem skilaði drögum að frumvarpi til nýrra laga þess efnis 2009.

Kristrún Kristinsdóttir er fædd 7. mars 1962 og er því 49 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1987. Á árunum 1997 - 1998 var hún við nám og rannsóknir í afbrota- og sakfræði við Missouri háskóla í St. Louis í Bandaríkjunum. Hún hefur sótt ýmis námskeið og fræðafundi í tengslum við störf sín og rannsóknir. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1994. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi bæjarfélagans og síðar sýslumannsins í Kópavogi 1987 - 1992. Árið 1992 starfaði hún um nokkurra mánaða skeið sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Frá miðju ári 1992 til 1997 var hún fulltrúi og staðgengill sýslumannsins á Akranesi. Haustið 1998 hóf hún störf sem deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og 2002 - 2004 var hún lögfræðingur á dómsmála-

og löggæsluskrifstofu ráðuneytisins. Árin 2004 – 2008 var hún sendiráðunautur við sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu í dóms- og innanríkismálum og 2008–2010 skrifstofustjóri fjölskylduréttar- og útlendingaskrifstofu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Frá 1. febrúar sl. hefur hún gegnt starfi lögfræðings hjá embætti landlæknis. Frá ársbyrjun 2011 hefur umsækjandinn sinnt lögfræðistörfum vegna aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið, en 2009 var henni falin varaformennska í samningahópi um dóms- og innanríkismál. Einnig hefur hún sinnt ýmsum verkefnum fyrir önnur ráðuneyti en þau sem að ofan greinir. Umsækjandinn hefur verið prófdómari í Evrópurétti á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands og kennt námskeið til BA prófs í fjölskyldu og erfðarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Eftir hana liggja nokkur ritverk, m.a. ritaði hún (ásamt Helga Gunnlaugssyni, E. Baumer og R. Wright) skýrslu til íslenskra stjórnvalda um rannsókn á ítrekunartíðni afbrota á Íslandi á árinu 2000 og ritið *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi: Rannsókn á afturhvarfi brotamanna til afbrotahegðunar eftir úttekt refsingar* sem út kom 2001. Auk þess birtist í Tímariti lögfræðinga 2001 ritrýnd grein hennar (og framangreindra þriggja fræðimanna), „Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi“. Sömuleiðis greinarnar „Recidivism Rates Across Nations: Comparable or different?“, birt í riti Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi 2001, og „Crime Shame and Recidivism; The Case of Iceland“ (ritrýnd), birt í The British Journal of Criminology 2002. Að auki hefur hún ritað eftirtaldar fræðigreinar: „Réttlætning refsinga – Hvað, ef nokkuð, réttlætir refsingu ríkisvaldsins?“ (ritrýnd), birt í Tímariti lögfræðinga 1998, og „The Deterrence of Punishment in View of Cross-border Crimes“, birt í riti Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi 2003. Frá 2000 hefur umsækjandinn verið stjórnarmaður í Norræna sakfræðiráðinu (NSfK). Einnig hefur hún flutt fyrirlestra, sem nær allir tengjast störfum hennar fyrir dómsmálaráðuneytið, og flutt gestafyrirlestra um Evrópurétt í Háskólanum Reykjavík. Í störfum sínum hefur umsækjandinn komið talsvert að setningu laga og reglugerða, var m.a. ritari sífjalaganefndar þegar nefndin samdi frumvarp til nógildandi barnalaga. Einnig hefur hún tekið þátt í margþættu alþjóðasamstarfi á vegum ofangreindra ráðuneyta. Þá var hún varamaður í happdrættisráði DAS 2001–2004 og eftirlitsmaður með starfsemi Íslenskrar getspár 2009 – 2011. Hún átti sæti í trúnaðarráði Stéttarfélags

lögfræðinga í ríkisþjónustu árin 1989 - 1992 og vann við lögfræðiráðgjöf hjá Kvennaráðgjöfinni 1984 - 1989.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir er fædd 24. júlí 1966 og er því 45 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993. Hún lauk námskeiði í stjórnáskóla 2005 á vegum Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Háskóla Íslands. Árið 2006 sótti hún námskeið erlendis á vegum alþjóðasamtaka ákæranda (IAP) og hefur einnig setið ýmis önnur námskeið. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997. Að loknu námi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994 - 1999 og síðan sem fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi 1999 - 2003. Hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofunni Lögborg ehf. 2003 - 2004 og fékkst þar við fjölbreytt lögmannsstörf. Árin 2004 - 2006 var hún fulltrúi ríkissaksóknara og var skipuð saksóknari við embættið 2006. Frá 14. október 2010 til 24. nóvember 2011 var hún settur vararíkissaksóknari. Á árinu 2010 gegndi hún um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Í störfum sínum hefur umsækjandinn flutt mikinn fjölda mála fyrir dómstólum, m.a. um 80 mál fyrir Hæstarétti. Frá 25. nóvember 2011 hefur hún verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn annaðist stundakennslu í refsirétti við lagadeild Háskólans á Akureyri 2008. Hún hefur verið leiðbeinandi vegna tveggja meistaraþrófsritgerða við sama skóla og kennt á námskeiði til starfsréttinda fyrir dyraverði á veitinga- og skemmtistöðum. Hún hefur haldið ýmsa fyrirlestra í tengslum við störf sín.

Sigríður J. Hjaltsted er fædd 27. júlí 1969 og er því 42 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995. Hún hefur lokið ýmsum námskeiðum, þ. á m. í réttarsálfræði og upplýsingalögum. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1999. Að loknu námi starfaði umsækjandinn hjá Fangelsismálastofnun 1995 - 2000. Hún var aðstoðarmaður héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2000 - 2008, ef frá er talið eitt ár, 2004 - 2005, þegar hún starfaði á laga-skrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hún var settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. maí til 15. júlí 2004 og frá 1. janúar til 31. maí 2008. Frá september það ár starfaði hún sem aðstoðarsaksóknari í kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu uns hún var settur héraðsdómari við Héraðs-

dóm Reykjavíkur frá 1. október 2011 til 31. janúar 2012, er hún sneri aftur til fyrri starfa. Umsækjandinn var stundarkennari í inngangi að lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 2002 - 2004 og hefur verið kennari í refsirétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá því í byrjun þessa árs. Þá kenndi hún almenna lögfræði við Fangavarðaskóla Íslands samhliða störfum sínum hjá Fangelsismálastofnun. Hún hefur unnið að ritsmíðum um lögfræðileg efni, einkum um nálgunarbann og samfélagsþjónustu. Þrjár greinar hennar hafa birst í Tímariti lögfræðinga, „Samfélagsþjónusta“ (ásamt Guðmundi Þór Guðmundssyni) árið 1996, „Reynslan af samfélagsþjónustu“ 2000 og „Á lögreglan að taka ákvörðun um nálgunarbann?“ 2009. Þá kom hún að gerð skýrslu um meðferð nauðgunarmála í Danmörku 2011, í kjölfar heimsóknar hennar og fleiri til danskra yfirvalda. Hún hefur flutt nokkra fyrirlestra, aðallega á sviði refsiréttar og samfélagsþjónustu. Árin 2004 - 2005 var umsækjandinn ritari refsiréttarnefndar og hefur auk þess átt sæti í ýmsum nefndum eða starfað fyrir þær í tengslum við störf sín. Hún hafði umsjón með samningu verklagsreglna lögreglu um meðferð heimilisofbeldismála. Umsækjandinn sat í stjórn Ákærendafélags Íslands 2009 - 2010 og hefur verið formaður Starfsmannafélags lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá 2008.

Þórður S. Gunnarsson er fæddur 23. janúar 1948 og er því 64 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1975 og stundaði framhaldsnám um óréttmæta viðskiptahætti og samkeppnishömlur við lagadeild Oslóarháskóla 1975. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1977, réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1982 og leyfi til verðbréfamíðlunar 1993. Hann hefur að auki lokið námskeiðum á sviði lögfræði erlendis, m.a. Agency-, Distributorship- and Franchise Agreements í Waidringen í Austurríki 1989, International Joint Venture Agreements í Lundúnum 1990, English Commercial Law í Lundúnum 1991, auk fjölda námskeiða hér á landi á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands. Umsækjandinn starfaði að loknu laganámi 1975 - 1980 sem fulltrúi á lögmannsstofu Eyjólfssonar hrl., Hjartar Torfasonar hrl. og Sigurðar Hafstein hrl. og var meðeigandi stofunnar 1980 - 1981. Árin 1982 - 1994 og 2000 - 2011 rak hann eigin lögmannsstofu í Reykjavík, um tíma í samstarfi við Othar Örn Petersen hrl. Á árunum 1995 - 1999 var hann meðeigandi í lögmannsstofunni

Lögmenn Höfðabakka sf., ásamt Vilhjálmi Árnasyni hrl., Ólafi Axelssyni hrl., Hreini Loftssyni hrl., Jóhannesi R. Jóhannssyni hrl. og um tíma Brynjólfi Kjartanssyni hrl. Hann var á sama tíma framkvæmdastjóri Árnason & Co. ehf., einkaleyfa- og vörumerkjastofu. Umsækjandinn var stundakennari í fjármuna- og félagarétti við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1977 - 1981 og kennari á námskeiði til öflunar réttinda til verðbréfamiðlunar 1990 - 1995. Hann var prófdómari í almennri lögfræði og réttarsögu við lagadeild Háskóla Íslands 1984 - 2002. Umsækjandinn var stundakennari við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík 1999, síðan lektor við deildina 1999 - 2000 og dósent þar 2000 - 2002. Voru kennslugreinar hans viðskiptalögfræði og alþjóðlegur viðskiptaréttur. Þá vann hann að undirbúningi að stofnun lagadeildar við Háskólann í Reykjavík 2001 - 2002. Hann var forseti deildarinnar 2002 - 2010 og sat jafnframt í framkvæmdastjórn skólans. Hann kenndi auk þess við lagadeildina námskeið um aðferðafræði (réttarheimildir og lögskýringar), hagnýtan samningarétt og alþjóðleg lausafjárkaup. Hann hefur verið aðjúntkt við deildina frá því í byrjun árs 2011. Hann var formaður stjórnar Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2002 - 2005 og sat hann í stjórn Rannsóknarstofnunar skólans í fjármálarétti 2004 - 2010. Frá 1. apríl 2011 hefur hann verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Árið 2006 var hann settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í tveimur einkamálum. Umsækjandinn var formaður stjórnar Olíuverslunar Íslands (Olís) 1987 - 1989, sat í stjórn verðbréfasjóða í eigu Försäkringsaktiebolaget Skandia AB og síðar Vátryggingafélags Íslands h.f. 1992 - 2000, þar af formaður hennar 1992 - 1996. Þá sat hann í stjórn Ísaga ehf. 1994 - 2007. Umsækjandinn hefur flutt ýmis erindi um lögfræðileg efni, sinnt fræðastörfum og birt nokkrar fræðigreinar um lögfræði, þ. á m. eina sem birtist í Tímariti lögfræðinga 1990, „Innlausnarréttur eigenda hlutdeildarskírteina“. Að auki má nefna „Franchising in Iceland“, birt í Franchising in the International Marketplace 1992, „Agencies and Distributorship in Iceland“, birt í Commercial Agencies and Distributorships: An International Guide 1992, „Agency- and Distributorship Agreements“ birt í *Agency- and Distribution Agreements, an International Study*, 1994. Umsækjandinn sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 1982 - 1984 og var í laganefnd félagsins 1984 - 1988. Þá var hann formaður síðanefndar landsnefndar Alþjóðaverslunarráðsins um markaðsstarfsemi 1989 -

1995, sat í nefnd 1989, skipaðri af viðskiptaráðherra, er samdi reglugerð um tryggingarskyldu verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja, í nefnd 1986 - 1994, skipaðri af dómsmálaráðherra, er samdi frumvarp til laga um tæknifrjógvun og í föstum vinnuhópi vinnuhóp um málefni verðbréfamarkaðarins og EES, skipuðum af viðskiptaráðherra 1995. Sá vinnuhópur samdi frumvörp til breytinga á lögum um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði 1996. Ásamt öðrum samdi hann, að tilhlutan Verslunarráðs Íslands, frumvarp til laga um einokun og hringamyndun 1988 og vann skýrslu á vegum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 1991 er bar heitið *The legal position of Iceland with respect to Electronic Data Interchange*. Þá hefur hann setið í fleiri nefndum á vegum ráðuneyta. Einnig hefur hann verið formaður tveggja dómnefnda til að meta hæfi umsækjenda um dósentstöður við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði, ýmist embættisprófi og eða meistaraprófi, frá íslenskum háskóla.

Barbara hefur til viðbótar embættisprófi lokið meistaraprófi í lögum frá Háskólanum í Leiden, auk þess sem hún hefur sótt ýmis námskeið hér innan lands.

Bogi hefur að loknu embættisprófi lokið meistaraprófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands.

Hrannar Már hafði að baki BA próf í heimspeki, áður en hann lauk meistaraprófi, og hefur stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskólann í Genúa um árabíl, en ekki lokið því námi.

Ingibjörg hefur til viðbótar embættisprófi lokið meistaraprófi í starfsmanna-stjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow, auk þess sem hún hefur lokið diplóma-prófi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Kolbrín hefur, auk embættisprófs, lokið meistaraprófi í lögum frá Háskólanum í Lundi. Þá hefur hún stundað framhaldsnám í lögum við Kaupmannahafnarháskóla

og lokið þaðan prófum í fjórum námskeiðum, auk þess sem hún hefur lokið námskeiðum um skattarétt og endurskoðun við Háskóla Íslands.

Kristrín hefur til viðbótar embættisprófi stundað nám og rannsóknir á sviði lögfræði við Missouri háskóla og að auki sótt ýmis námskeið og fræðafundi í tengslum við störf sín og rannsóknir.

Sigríður Elsa hefur, auk embættisprófs, lokið í námskeiði á sviði lögfræði á vegum Háskóla Íslands. Einnig hefur hún sótt ýmis námskeið, þ. á m. námskeið erlendis á vegum alþjóðasamtaka ákæranda.

Sigríður J. hefur til viðbótar embættisprófi lokið ýmsum námskeiðum hér innan lands, m.a. í réttarsálfræði og upplýsingalögum.

Þórður hefur, auk embættisprófs, stundað framhaldsnám í lögum við Oslóarháskóla. Þá hefur hann lokið fjölda námskeiða erlendis á sviði lögfræði, auk fjölmargra námskeiða innan lands, m.a. á vegum Háskóla Íslands.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, hafa *Barbara* og *Kolbrún* lokið meistaraprófi í lögum frá erlendum háskólum og *Kolbrún* að auki lokið námskeiðum í lögfræði frá slíkum skóla. *Bogi* hefur lokið meistaraprófi á skyldu sviði frá Háskóla Íslands og *Ingibjörg* meistaraprófi í starfsmannastjórnun frá erlendum háskóla. Þá hefur *Kristrín* stundað framhaldsnám og rannsóknir í lögfræði við erlendan háskóla og *Hrannar Már* og *Þórður* lagt stund á formlegt framhaldsnám í lögfræði erlendis, án prófgráðu.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Barbara var aðstoðarmaður héraðsdómara 2001 - 2007 með hléum og síðan aðstoðarmaður hæstaréttardómara 2008 - 2010. Frá 1. september 2010 hefur hún verið settur héraðsdómari.

Bogi var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu 1990 - 1992, þar sem hann vann m.a. að dómstörfum.

Hrannar Már var aðstoðarmaður héraðsdómara 2008 - 2011. Frá 5. september 2011 hefur hann verið settur héraðsdómari.

Ingibjörg hefur ekki fengist við dómstörf.

Kolbrún var fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík 1990 – 1992, þar sem hún vann m.a. að dómsmálum, og síðan fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur 1992 – 1993. Frá 1. september 2010 hefur hún verið settur héraðsdómari.

Kristrún var fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi 1987 – 1992, þar sem hún vann m.a. að dómsmálum, þar af sinnti hún þeim nær eingöngu frá september 1989 til mars 1992. Frá þeim tíma til 1. júlí 1992 starfaði hún sem fulltrúi hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík.

Sigríður Elsa hefur verið settur héraðsdómari frá 25. nóvember 2011.

Sigríður J. var aðstoðarmaður héraðsdómara 2001 – 2008, með nokkrum hléum. Hún hefur þrívægis verið settur héraðsdómari, fyrst frá 1. maí til 15. júlí 2004, síðan frá 1. janúar til 31. maí 2008 og loks frá 1. október 2011 til 31. janúar 2012.

Þórður var settur héraðsdómari í tveimur einkamálum 2006. Frá 1. apríl 2011 hefur hann verið settur héraðsdómari.

Samkvæmt framansögðu hafa sex umsækjendur starfað sem sjálfstæðir héraðsdómarar. Af þeim hafa þær *Barbara* og *Kolbrún* gegnt því starfi í nálega eitt og hálf ár. Ef tekið er tillit til þess að *Barbara* starfaði sem aðstoðarmaður dómara í um átta ár, þar af eitt ár í hlutastarfi, hefur hún mesta reynslu umsækjenda af dómstörfum, en þess ber að geta að *Kolbrún* kom að dómstörfum sem fulltrúi yfirborgarfógeta og fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur um þriggja ára skeið, þannig að ekki er afgerandi munur á dómarareynslu þeirra tveggja. *Sigríður J.* hefur verið sjálfstætt starfandi dómari í tæplega eitt ár, en hafði áður verið aðstoðarmaður dómara um sex og hálf árs skeið. Reynsla hennar af dómstörfum er því litlu minni en þeirra tveggja sem áður er getið. *Þórður* hefur starfað nærfellt eitt ár sem sjálfstætt starfandi dómari, *Hrannar Már* næstum hálf ár og *Sigríður Elsa* um þriggja mánaða skeið. *Kristrún* fékkst við dómsmál sem fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi og síðar fulltrúi hjá yfirborgardómara í nær fimm ár. Þá kom *Bogi* að dómsmálum sem fulltrúi bæjarfógeta um tveggja ára skeið. Þegar lagt er mat á þessa reynslu þeirra tveggja síðastnefndu af dómstörfum verður að gæta þess að hvorugt þeirra var á sínum tíma sjálfstætt starfandi dómari, auk þess sem langt er um liðið síðan þau fengust við að leysa úr dómsmálum.

5.3. *Reynsla af lögmannsstörfum*

Þótt allir umsækjendur hafi aflað sér réttinda til að starfa sem héraðsdómslögmennt hafa aðeins fjórir þeirra starfað sem lögmennt.

Barbara starfaði hjá Lögmenntum Hafnarfirði 2000 – 2001, þar sem hún sinnti m.a. flutningi mála fyrir héraðsdómi.

Kolbrún starfaði sem lögmaður á eigin lögmannsstofu, sem hún rak ásamt öðrum lögmanni, 1993 – 1995, þar sem hún sinnti m.a. flutningi mála fyrir héraðsdómi og skiptastjórn.

Sigríður Elsa starfaði hjá lögmannsstofunni Lögborg 2003 – 2004, þar sem hún sinnti m.a. flutningi mála fyrir héraðsdómi.

Þórður hefur, einn umsækjenda, öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti, auk þess sem hann hefur fengið leyfi til verðbréfamiðlunar. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu Eyjólfis Konráðs Jónssonar o.fl. 1975 – 1980 og var meðeigandi að stofunni 1980 – 1981. Árin 1982 – 1994 og 2000 – 2011 rak hann eigin lögmannsstofu, um tíma í samstarfi við annan lögmann. Á árunum 1995 – 1999 var hann meðeigandi í lögmannsstofunni Lögmennt Höfðabakka sf. Á þessum tíma vann hann að margvíslegum lögmannsstörfum, m.a. flutti hann mikinn fjölda mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, á *Þórður* að baki lögmannsferil, sem spannar tæp 34 ár, þar af starfaði hann sem sjálfstætt starfandi lögmaður í nærfellt 29 ár, þar af rúm níu ár í hlutastarfi. Hann ber því höfuð og herðar yfir aðra umsækjendur, að því er varðar reynslu af lögmannsstörfum. *Kolbrún* var sjálfstætt starfandi lögmaður um tveggja ára skeið og hefur að auki langa reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem ákærandi, þ. á m. meðan hún starfaði rúman áratug sem fulltrúi og síðar saksóknari hjá ríkissaksóknara, þar sem hún flutti m.a. um 90 mál fyrir Hæstarétti. *Sigríður Elsa* fékkst við lögmannsstörf í u.þ.b. eitt og hálf ár. Hún hefur eins og *Kolbrún* langa reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem fulltrúi og saksóknari hjá ríkissaksóknara og síðast vararíkissaksóknari, alls um sjö ára skeið, þar sem hún flutti m.a. um 80 mál fyrir Hæstarétti. *Barbara* fékkst við lögmannsstörf í eitt ár, en hafði áður komið að meðferð og flutningi sakamála meðan hún starfaði um eins árs skeið sem fulltrúi saksóknara í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Þótt

aðrir umsækjendur hafi ekki starfað sem lögmenn hafa sumir þeirra reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem ákærendur. *Bogi* sinnti þeim málum um árabíl sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði. Sömuleiðis *Hrannar Már* um rúmlega hálf árs skeið sem fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og *Sigríður J.* í u.þ.b. tvö ár sem aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum.

5.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Barbara var 1999 – 2000 fulltrúi saksóknara í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Frá 2003 til 2005 var hún settur skrifstofustjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í tæplega 22 mánuði. Þá var hún starfsmaður nefndar til að annast rannsóknir á refsingum við afbrotum 1999 – 2000 og sat í nefnd um heimasíðu héraðsdómstóla 2002. Hún tók sæti sem varamaður í forföllum aðalmanns í nefnd um endurskoðun laga um leikskóla árið 2006. Árin 1999 – 2000 sat hún í úrskurðarnefnd um áfengismál og samdi m.a. drög að úrskurðum nefndarinnar.

Bogi var fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu 1990 – 1992. Frá 1992 hefur hann verið fulltrúi og jafnframt staðgengill sýslumannsins í Hafnarfirði. Hann hefur sinnt þar öllum lögfræðilegum málaflokkum um lengri eða skemmri tíma, þ. á m. annast alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Einnig hefur hann tvívegis verið settur sýslumaður í Keflavík og á Hvolsvelli í einstökum málum. Þá hefur hann starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneyta er fjölluðu um nauðungarsölu og afskriftir á gjöldum ríkissjóðs.

Hrannar Már starfaði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík 2008 í rúmlega hálf ári og fólst starf hans að nokkru leyti í meðferð stjórnsýslumála.

Ingibjörg starfaði 1992 - 1999 sem deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra. Á árunum 1995 – 1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetri í Brussel. Hún hefur verið varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 2011 og nefndarmaður í prófnefnd verðbréfavíðskipta frá 2001. Hún hefur verið formaður kæruneftar greiðsluáðlögunarmála frá 2010, þar sem hún

hefur samið drög að niðurstöðu fjölmargra úrskurða á því sviði. Þá átti hún sæti í landskjörstjórn 2003 – 2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 1999 – 2003. Á sínum tíma sat hún í fjölmörgum nefndum vegna starfa sinna í fjármálaráðuneytinu, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997 – 1999.

Kolbrún var fulltrúi við embætti yfirborgarfélagans í Reykjavík 1990 – 1992. Í fjóra mánuði 1996 var hún fulltrúi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og síðan fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík 1997 – 1999. Tíu mánuði ársins 2000 var hún settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara, síðan 2000 – 2005 fulltrúi við sama embætti og loks saksóknari við embættið 2005 – 2010. Á árunum 2002 – 2009 var hún ritari áfrýjunarnefndar samkeppnismála, þar sem hún gerði m.a. drög að úrskurðum nefndarinnar.

Kristrún var fulltrúi bæjarfélagans og síðar sýslumannsins í Kópavogi 1987 – 1992. Árið 1992 starfaði hún um nokkurra mánaða skeið sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Frá miðju ári 1992 til 1997 var hún fulltrúi og staðgengill sýslumannsins á Akranesi. Haustið 1998 hóf hún síðan störf sem deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og 2002 – 2004 var hún lögfræðingur á dómsmála- og löggæsluskrifstofu ráðuneytisins. Árin 2004 – 2008 var hún sendiráðunautur við sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu í dóms- og innanríkismálum og 2008–2010 skrifstofustjóri fjölskylduréttar- og útlendingaskrifstofu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Á þeim árum, sem hún starfaði í ráðuneytinu, samdi hún eða ritstýrði hundruðum úrskurða, m.a. í forsjár- og umgengnisréttarmálum, lögræðismálum, ættleiðingarmálum, lögreglumálum og útlendingamálum. Einnig tók hún þátt í margþættu alþjóðasamstarfi á vegum ráðuneytanna. Frá 1. febrúar sl. hefur hún gegnt starfi lögfræðings hjá embætti landlæknis. Ennfremur hefur hún frá ársbyrjun 2011 sinnt lögfræðistörfum vegna aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið, en 2009 var henni falin varaformennska í samningahópi um dóms- og innanríkismál. Einnig hefur hún sinnt ýmsum stjórnsýsluverkefnum fyrir önnur ráðuneyti. Frá 2000 hefur hún setið í stjórn Norræna sakfræðiráðsins. Þá var hún varamaður í happdrættisráði DAS 2001–2004 og eftirlitsmaður með starfsemi Íslenskrar getspár 2009 – 2011.

Sigríður Elsa var fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994 – 1999 og síðan fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi 1999 – 2003. Árin 2004 – 2006 var hún fulltrúi ríkissaksóknara og var skipuð saksóknari við embættið 2006. Frá 14. október 2010 til 24. nóvember 2011 var hún settur vararíkissaksóknari. Á árinu 2010 gegndi hún um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Sigríður J. starfaði hjá Fangelsismálastofnun 1995 – 2000, þar sem hún fékkst einkum við framkvæmd samfélagsþjónustu. Árin 2004 – 2005 starfaði hún á laga-skrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í september 2008 réðst hún til starfa sem aðstoðarsaksóknari í kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hún vann til hausts 2011. Árin 2004 – 2005 var hún ritari refsiréttarnefndar og hefur auk þess átt sæti í ýmsum nefndum eða starfað fyrir þær í tengslum við störf sín. Hún hafði á sínum tíma umsjón með samningu verklagsreglna lögreglu um meðferð heimilisofbeldismála.

Þórður hefur ekki starfað innan stjórnarsýslunnar, en átt sæti í ýmsum stjórnskipuðum nefndum, sem einkum hafa haft það hlutverk að semja drög að lagafrumvörpum, eins og vikið verður að í kafla 5.7.

Eins og fram kemur í upptalningunni hér að framan hafa allir umsækjendurnir, að Þórði undanskildum, einhverja stjórnarsýslureynslu að baki, þótt í misríkum mæli sé. Ef litið er til þess hve lengi þeir hafa starfað í stjórnarsýslunni og jafnframt til eðlis starfanna verður að telja að *Kristrún* standi þeirra fremst. Skiptir þar einkum máli að hún starfaði í liðlega átta ár sem deildarstjóri og síðan skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er síðar breyttist í dómsmála- og mannréttindaráðuneytið. Í þeim störfum fékkst hún m. a. við að leysa úr fjölbreyttum lögfræðilegum ágreiningsmálum, þ. á m. sá hún um að semja eða ritstýra miklum fjölda úrskurða í málum er skotið hafði verið til ráðuneytisins með stjórnarsýslukæru. Þar að auki býr hún að þeirri reynslu að hafa um fjögurra ára skeið verið sendiráðunautur Íslands gagnvart Evrópusambandinu í dóms- og innanríkismálum. *Ingibjörg* hefur að ýmsu leyti sams konar reynslu af stjórnarsýslustörfum og *Kristrún*, enda þótt hún hafi unnið í mun skemmri tíma við þau í fullu starfi. Þannig starfaði hún fimm ár í fjármálaráðuneytinu, auk þess sem hún var í tvö ár fulltrúi þess í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu. Þá hefur hún sem formaður kærunefndar greiðsluáðlögunar-

mála síðustu tvö árin samið drög að niðurstöðu úrskurða nefndarinnar. *Bogi* á að baki tveggja áratuga reynslu sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði. Í því starfi hefur hann þurft að takast á við margþætt stjórnsýslustörf, þar sem reynt hefur á víðtæka lögfræðikunnáttu. Þótt þær *Kolbrún* og *Sigríður Elsa* hafi öðlast verulega stjórnsýslureynslu í störfum sínum sem ákærendur samhliða reynslu af því að flytja sakamál fyrir dómi, sbr. kafla 5.3., er hún ekki eins fjölbreytt og áður nefnd reynsla þeirra *Kristrúnar*, *Ingibjargar* og *Boga*. Sama gildir um reynslu *Sigríðar J.* af störfum hjá Fangelsismálastofnun og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við eðli þeirra stjórnsýslustarfa, sem *Barbara* hefur haft með höndum, er reynsla hennar af þeim störfum takmörkuð. Þá er reynsla *Hrannars Más* nánast engin í samanburði við stjórnsýslureynslu hinna sex.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Barbara starfaði 2007 – 2008 sem sérfræðingur hjá Lagastofnun Háskóla Íslands og vann að *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Árin 2008 og 2010 sinnti hún kennslu á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands á tveimur námskeiðum. Að auki hefur hún haft umsjón með ritgerð og verið skipuð prófdómari við háskóla.

Bogi hefur ekki fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi.

Hrannar Már hefur verið stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri og aðjúnkt við skólann frá 2009. Hefur hann fengist við kennslu í ýmsum námsgreinum við þá deild og lagadeild Háskóla Íslands, auk þess að hafa umsjón með ritgerðum. Einnig hefur hann kennt, m.a. sakamálaréttarfar, í skipulögðu starfsmenntanámi fyrir starfsmenn dómstóla.

Ingibjörg var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001 – 2005 og svo aftur átta mánuði 2011, auk þess sem hún sat samtímis í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans. Jafnframt hefur hún verið lektor við skólann frá 2002 og dósent þar frá 2008. Helstu kennslugreinar hennar hafa verið almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur og stjórnsýsla skattamála. Þá hefur hún verið stundakennari við Háskólann á Akureyri. Loks hefur hún unnið að tveimur víðtækum rannsóknaverkefnum fyrir erlenda aðila.

Kolbrún var 2005 – 2010 stundakennari í sakamálaréttarfari við Háskólann á Bifröst. Jafnframt hefur hún leiðbeint nemendum við ritun ritgerða við þann skóla og verið prófdómari við hann og aðra háskóla.

Kristrún hefur kennt námskeið til BA prófs við lagadeild Háskólans í Reykjavík og verið prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands. Þá stundaði hún rannsóknir á sviði lögfræði erlendis samhliða framhaldsnámi, sbr. kafla 5.1.

Sigríður Elsa annaðist stundakennslu við lagadeild Háskólans á Akureyri 2008 og hefur verið leiðbeinandi vegna ritgerða við sama skóla.

Sigríður J. var stundakennari við Háskóla Íslands 2002 – 2004.

Pórður var stundakennari við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1977 – 1981 og hefur verið prófdómari við lagadeild sama skóla. Eftir að hafa verið stundakennari við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík í eitt ár varð hann lektor við deildina 1999 – 2000 og dósent þar 2000 – 2002. Þá vann hann að undirbúningi að stofnun lagadeildar við Háskólann í Reykjavík og var síðan forseti deildarinnar 2002 – 2010, auk þess sem hann sat í framkvæmdastjórn skólans. Jafnframt kenndi hann ýmis námskeið við hana. Frá 2011 hefur hann verið aðjúntkt við deildina.

Af framansögðu er ljóst að *Pórður* og *Ingibjörg* hafa algjöra sérstöðu meðal annarra umsækjenda að því er varðar kennslu á háskólastigi og önnur akademísk störf.

5.5.2. *Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.*

Barbara hefur lagt fram með umsókn sinni meistararitgerð sem hún ritaði við háskólann í Leiden á árinu 2006 og ber heitið „The Use of Evidence Obtained by Torture under International Law“. Ritgerðin sem er bæði lýsandi og skýr sýnir að höfundur hefur afar gott vald á ensku tungumáli, auk þess sem heimildavinna er mjög góð. Ritgerðin ber þess hins vegar merki að vera lögð fram sem námsritgerð og er sjálfstætt lögfræðilegt gildi hennar því takmarkað. Þá var *Barbara* aðstoðarritstjóri *Lögfræðiorðabókar með skýringum*, sem kom út árið 2008, sbr. kafla 5.5.1. Einnig annaðist hún um tíma yfirlestur lögfræðilegra greina fyrir Tímarit lögfræðinga.

Hrannar Már hefur fengist við ritsmíðar og þýðingar á ritum á sviði heimspeki. Þá á hann sæti í ritrýnnefnd Lögfræðings - tímarits laganema við Háskólann á Akureyri.

Ingibjörg hefur lagt fram ritið *Lögfræði, réttarheimildir og aðferðir lögfræðinnar*. Hefur það að geyma knappa, en afar skýra umfjöllun um aðferðafræði lögfræði og réttarheimildir hennar. Höfundur getur þess að ritið sé m.a. ætlað þeim, sem ekki hafa bakgrunn í lögfræði, og í því ljósi er efnið sett fram á einfaldan hátt, þó með tilvísun til grundvallardóma sem fallið hafa á hverju sviði um sig. Hér er um ræða þarfa samantekt sem hefur eðli máls samkvæmt takmarkað fræðilegt gildi. Ennfremur hefur Ingibjörg lagt fram tvær fræðigreinar, „Evrópskur skattaréttur; átök og árangur á sviði skattaréttar Evrópusambandsins“ og „Áhrif meginreglna EES-réttar um bann við mismunun og takmörkun á fjórfrelsinu á sviði skattaréttar“. Greinarnar eru báðar ritrýndar. Í þeirri fyrri er gerð grein fyrir reglum Evrópusambandsins um skattlagningu fyrirtækja og tekna til skoðunar tillögur um breytingar á þeim, auk þess sem lýst er tengslum þessara reglna við EES-samninginn. Í síðari greininni er fjallað um reglu EES-samningsins um bann við mismunun og takmörkun og hvernig hún hefur áhrif á skattarétt einstakra ríkja innan samningssvæðisins. Greinarnar eru báðar greinargóðar og viðfangsefnin sett fram með skipulögðum hætti. Teljast þær hafa ótvírætt fræðilegt gildi á sviði skattaréttar og Evrópuréttar. Þá hefur Ingibjörg lagt fram skýrsluna, „Embedding Gender in Sustainability Reporting. A Practitioner's Guide. Executive Summary“, þar sem gerð er grein fyrir umfangsmiklu rannsóknarverkefni sem hún vann hér á landi (ásamt Elínu Blöndal) fyrir Alþjóðalánastofnunina á sviði jafnréttismála. Skýrslan hefur að geyma greiningu og gerð viðmiða um mælingar á stöðu jafnréttismála innan fyrirtækja. Hins vegar er framlag hvers þátttakanda í rannsókninni ekki aðgreinanlegt frá framlagi annarra þeirra sem þátt tóku í gerð skýrslunnar.

Kolbrín hefur lagt fram eina fræðigrein, „Réttarstaða brotaþola“. Í greininni er fjallað um réttarstöðu brotaþola á grundvelli þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, eftir að þeim hafði verið breytt 1999, ekki síst með það fyrir augum að styrkja réttarstöðu þolenda afbrota. Efnið er skipulega fram sett og vísar

höfundur til fjölmargra heimilda. Hefur greinin ótvírætt fræðilegt gildi á sviði sakamálaréttarfars.

Kristrín hefur lagt fram eitt rit og þrjár fræðigreinar, þar sem hún er einn af fjórum höfundum. Ritið ber heitið *Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi: Rannsókn á afturhvarfi brotamanna til afbrotahegðunar eftir úttekt refsingar* og greinarnar eru: „Ítrekunartíðni afbrota á Íslandi“, „Recidivism Rates Across Nations: Comparable or different?“ og „Crime Shame and Recidivism; The Case of Iceland“. Í ritinu og greinunum þremur er gerð grein fyrir rannsókn sem Kristrún stóð að ásamt þremur afbrotafræðingum. Ekki kemur fram hver er hlutur hvers þeirra um sig. Uppistaðan í ritinu og um leið greinunum er tölfræðileg samantekt um ítrekunartíðni afbrota á Íslandi og ályktanir sem draga má af þeirri samantekt. Þessar ritsmíðar hafa augljóst fræðilegt gildi á sviði afbrotafræði, en takmarkað lögfræðilegt gildi. Í grein Kristrúnar „Réttlætning refsinga - Hvað, ef nokkuð, réttlætir refsingu ríkisvaldsins?“ er fjallað um þau sjónarmið sem búa að baki refsingum og hvort eitthvað réttlætir beitingu þeirra af hálfu ríkisvaldsins. Greinin hefur að geyma yfirlit yfir áður þekktar hugmyndir, en hefur takmarkað fræðilegt gildi. „The deterrence of punishment in view of cross-border crimes“ greinir frá breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot var hækkuð úr 10 ára fangelsi í 12 ár og hvort og þá hvaða varnaðaráhrif breytingin hafi haft. Þótt greinin sé stutt og ekki sé vísað til neinna heimilda telst hún, m.a. vegna tölfræðilegra upplýsinga sem þar koma fram, engu að síður merkt framlag til refsiréttar.

Sigríður J. hefur lagt fram þrjár fræðigreinar. Tvær þeirra fjalla um samfélagsþjónustu sem úrræði í stað refsingar. Meðhöfundur að þeirri fyrri, „Samfélagsþjónusta á Íslandi“, er Guðmundur Þór Guðmundsson. Ekki er gerð grein fyrir framlagi hvors höfundar um sig. Greinin hefur að geyma greinargóða samantekt á störfum svonefndrar samfélagsþjónustunefndar, undirbúningi úrræðisins í upphafi og yfirlit yfir þá sem sótt hafa eftir samfélagsþjónustu. Greinin hefur ótvírætt gildi á sviði refsiréttar. Í síðari greininni, „Reynslan af samfélagsþjónustu“, er m.a. fjallað um kosti þess og galla að ákvörðun um fullnustu dóms um refsivist sé tekin af stjórnvaldi, en ekki af dómstólum. Greinin er skýr og vel fram sett. Telst hún hafa nokkurt fræðilegt gildi. Þriðja greinin, „Á lögregla að taka ákvörðun um nálgunar-

bann?“, er m.a. rituð að fenginni reynslu höfundar af störfum hennar. Greinin er skýr og skipuleg, en fræðilegt gildi hennar er takmarkað.

Bórður hefur ritað nokkrar fræðigreinar eins og rakið er í kafla 4, en hefur ekki lagt þær fram með umsókn sinni.

Bogi og *Sigríður Elsa* hafa ekki komið að útgáfu fræðirita eða birt fræðigreinar um lögfræðileg málefni.

Þegar litið er til þeirra fræðirita og -greina sem birst hafa eftir *Ingibjörgu*, stendur hún fremst umsækjenda á þessu sviði. Á eftir henni koma fræðileg framlög *Kolbrúnar*, *Kristrúnar* og *Sigríðar J.* en ekki verður gert upp á milli þeirra.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Barbara var settur skrifstofustjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur í tæp tvö ár, auk þess sem hún stýrði rannsókn efnahagsbrota sem fulltrúi saksóknara um eins og hálfis árs skeið.

Bogi hefur um tveggja áratuga skeið verið staðgengill sýslumannsins í Hafnarfirði, auk þess sem hann hefur verið settur sýslumaður annars staðar. Hann stýrði jafnframt lögfræðilegri innheimtu hjá embættinu í fjögur ár.

Hrannar Már fór með stjórn lögreglurannsókna í umboði lögreglustjóra þegar hann starfaði skamman tíma sem fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Áður en hann hóf laganám vann hann sem kennslustjóri Margmiðlunarskólans í tvö ár.

Ingibjörg var fimm ár deildarstjóri í ráðuneyti, þar af staðgengill skrifstofustjóra nær helming þess tíma. Hún var starfsmannastjóri banka í eitt ár. Síðan gegndi hún starfi deildarforseta lagadeildar Háskólans á Bifröst í u.þ.b. fimm ár. Hún hefur verið formaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála frá 2010 og varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 2011. Einnig var hún fjögur ár framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar í hlutastarfi.

Kolbrún stýrði lögreglurannsóknum í umboði rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og síðar lögreglustjórans í Reykjavík þegar hún starfaði sem fulltrúi þeirra um rúmlega tveggja ára skeið. Einnig var hún meðeigandi að lögmannsstofu í tvö ár.

Kristrún var staðgengill sýslumannsins á Akranesi um fimm ára skeið, þar sem hún stýrði jafnframt lögreglurannsóknum í umboði sýslumanns. Hún starfaði í fjögur ár sem deildarstjóri í ráðuneyti og síðar í liðlega tvö ár sem skrifstofustjóri, þar sem hún stýrði fjölmennri skrifstofu. Í starfi sínu sem sendiráðunautur hafði hún í fjögur ár umsjón með evrópsku samstarfi af hálfu Íslands.

Sigríður Elsa stýrði lögreglurannsóknum í umboði sýslumannsins á Akureyri og síðar sýslumannsins í Kópavogi þegar hún starfaði sem fulltrúi þeirra í u.þ.b. níu ár. Þá gegndi hún í liðlega eitt ár starfi vararíkissaksóknara.

Sigríður J. sá um framkvæmd samfélagsþjónustu þau fimm ár sem hún starfaði hjá Fangelsismálastofnun. Sem aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjórnaum á höfuðborgarsvæðinu kom hún í þrjú ár að stjórn lögreglurannsókna.

Þórður hefur ýmist rekið eða verið meðeigandi að lögmannsstofum um langt árabíl. Hann gegndi starfi deildarforseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík í tæp níu ár og var um árabíl stjórnarformaður tveggja af rannsóknastofnunum skólans. Að auki hefur hann fengist við ýmis önnur stjórnunarstörf, t.d. verið um hríð framkvæmdastjóri og stjórnarformaður nokkurra félaga og fyrirtækja.

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendurnir einhverja reynslu af stjórnun. *Sigríður Elsa* hefur öðlast staðgóða reynslu á þessu sviði meðan hún gegndi starfi vararíkissaksóknara. Stjórnunarreynsla *Þórðar*, *Ingibjargar* og *Kristrúnar* telst þó bæði fjölbreyttari og umfangsmeiri en reynsla annarra umsækjenda.

5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Barbara, *Ingibjörg*, *Kolbrún*, *Kristrún*, *Sigríður J.* og *Þórður* hafa öll komið að því að semja drög að lagafrumvörpum, eins og gerð er nánari grein fyrir í 4. kafla. Allir umsækjendurnir hafa sinnt öðrum störfum, sem þar eru talin upp, en ekki verður talið að þau nýtist þeim beint í störfum dómara.

5.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi*

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur

fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölul. 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu þrjá meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Sem fyrr segir leitaði dómnefnd eftir umsögnum þeirra, er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur, en þeir eru: Eggert Óskarsson, héraðsdómari, Finnbogi Alexandersson, héraðsdómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir, hæstaréttardómari, sem gáfu umsögn um Barböru Björnsdóttur, Guðgeir Eyjólfsson, sýslumaður, Guðmundur Sophusson, sýslumaður, og Ólafur Þ. Hauksson, sérstakur saksóknari, um Boga Hjálmtýsson, Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólaráðs, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, og Þórir Hallgrímsson, lögfræðingur, um Hrannar Má S. Hafberg, Ágúst Einarsson, prófessor, Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður, og Snorri Olsen, tollstjóri, um Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl., Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari, og Valtýr Sigurðsson, fyrrum ríkissaksóknari, um Kolbrúnu Sævarsdóttur, Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri, Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari, og Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra, um Krístrúnu Kristinsdóttur, Daði Kristjánsson, saksóknari, Ragnheiður Harðardóttir, héraðsdómari, og Valtýr Sigurðsson, fyrrum ríkissaksóknari, um Sigríði Elsu Kjartansdóttur, Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur, Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, um Sigríði J. Hjaltested, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fyrrum rektor, Jóna K. Kristinsdóttir, skrifstofustjóri, og Sigurður Tómas Magnússon, prófessor, um Þórð S. Gunnarsson.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutadeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður

samkvæmt 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísun til alls þess, sem að framan greinir, telur dómnefnd að allir umsækjendurnir fullnægi þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til héraðsdómara í þessum efnunum.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara.

Það er niðurstaða dómnefndar að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gera verður til héraðsdómara. Þegar gera þarf upp á milli hæfni þeirra er nefndinni hins vegar vandi á höndum vegna þess hve margir þeirra eru, að álitu nefndarmanna, mjög vel hæfir til að takast á við þau störf.

Barbara Björnsdóttir er annar þeirra umsækjenda sem hefur lengsta reynslu af störfum sem sjálfstætt starfandi dómari. Að auki hefur hún lokið meistaraprófi í lögum við erlendan háskóla og öðlast nokkra reynslu af flutningi mála fyrir héraðsdómi sem og stjórnsýslu- og stjórnunarreynslu. Sigríður J. Hjaltested hefur einnig umtalsverða reynslu af dómstörfum. Þá hefur hún starfað að stjórnsýslustörfum um árabíl og þar að auki fengist við flutning sakamála fyrir

héraðsdómi og fræðiskrif á afmörkuðu sviði lögfræði. Enda þótt Sigríður Elsa Kjartansdóttir hafi, enn sem komið er, takmarkaða reynslu af dómstörfum, býr hún yfir áralangri reynslu af málflutningsstörfum, einkum af því að flytja sem saksóknari sakamál í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá hefur hún talsverða reynslu af stjórnslu og stjórnun.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir hefur að vísu ekki reynslu af dóms- eða lögmannsstörfum og Krístrún Kristinsdóttir einungis reynslu af dómstörfum sem dómarafulltrúi. Á hinn bóginn hafa þær, þá einkum Krístrún, sinnt ábyrgðarmiklum og krefjandi stjórnslustörfum um langt árabil, þ. á m. fengist við að semja úrskurði í kærumálum á sviði stjórnslunnar. Þá hafa þær einnig, hvor með sínum hætti, hlotið umtalsverða reynslu af stjórnun og sinnt rannsóknum og fræðaskrifum á sviði lögfræði, sér í lagi Ingibjörg sem var um skeið forseti lagadeildar háskóla.

Þegar litið er til alls þess, sem að framan greinir í köflum 5.1. – 5.9., er það niðurstaða dómnefndar að Kolbrún Sævarsdóttir og Þórður S. Gunnarsson séu hæfust umsækjenda til að gegna embætti héraðsdómara. Kolbrún er annar þeirra umsækjenda sem hefur lengsta reynslu af því að starfa sem sjálfstætt starfandi dómari. Einnig hefur hún lokið meistaraþrófi í lögum frá erlendum háskóla og sýnt að henni er lagið að fjalla um lögfræði á fræðilegan hátt. Þá hefur Kolbrún að auki starfað sem lögmaður og hefur sem saksóknari fengist um árabil við flutning sakamála í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks hefur hún öðlast nokkra reynslu af stjórnslu og stjórnun. Þórður hefur um áratugaskeið fengist við fjölbreytt lögmannsstörf, fyrst og fremst sem hæstaréttarlögmaður, þ. á m. flutt mikinn fjölda mála í héraði og fyrir Hæstarétti. Að auki býr hann yfir umtalsverðri reynslu af dómstörfum. Þar að auki hefur Þórður víðtæka reynslu af stjórnun, m.a. sem forseti lagadeildar háskóla um árabil. Ennfremur hefur hann sinnt fræðistörfum á sviði lögfræði. Meðal annars vegna þess hve starfsreynsla þeirra Kolbrúnar og Þórðar er ólík gerir dómnefnd ekki upp á milli hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara.


Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, er það niðurstaða dómnefndar að Kolbrún Sævarsdóttir og Þórður S. Gunnarsson séu hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem auglýst voru laus til umsóknar 16. desember 2011 í Lögbirtinga-
blaði.

Reykjavík, 20. febrúar 2012.




Eiríkur Tómasson



Allan V. Magnússon



Ása Ólafsdóttir



Brynjar Níelsson



Guðrún Agnarsdóttir